

245. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar		
Fundardagur:	8. sept. 2015	Fundartími:	16.30 – 19.00
Fundarstaður:	Mannvirkjastofnun	Fundarritari:	Böðvar Ingi Guðbjartsson
Fundarmenn:	Kristján Ottósson (KO), Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Jón Guðmundsson (JG), Helgi Pétursson (HP), Böðvar Ingi Guðbjartsson (BIG) og Kjartan Mar Eiríksson (KME)		
Forföll:	Birgir Hólm (BH), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS) og Gunnar Sigurðsson (GS)		

1. Fundur settur. (SÁS) formaður setti fundinn.

2. Fundargerð stjórnar nr. 244. Engin athugasemd við síðustu fundargerð.

3. Lagnakerfamiðstöð Íslands.

(KO) og Birgir Hólm fóru upp í Lagnakerfamiðstöð til að kanna stöðu mála með loftræstisamstæðuna. (KO) upplifði að þeir væru of seinir til að bregðast við því ferli sem Lagnakerfamiðstöðin væri komin í. (KO) hefði viljað sjá Lagnafélag Íslands beita sér sem ákveðinn þrýstihópur varðandi málefni um Lagnakerfamiðstöðina. Hugmynd um þrýstihóp var rædd en fékk litlar undirtektir hjá stjórnarmönnum. Stjórnarmönnum finnst almennt séð að Lagnafélag Íslands haf gert nóg til að reyna að bjarga kennslubúnaði Lagnakerfamiðstöðvarinnar. (SÁS) hafði samband við Kristján Kristjánsson hjá Iðunni varðandi loftræstisamstæðuna. Iðan vill ekki taka við samstæðunni þar sem hún er of stór. (SÁS) ræddi þá hugmynd að láta byggja smærri samstæðu sem myndi henta inn í kennslusal Iðunnar. (KO) hefur upplifað lítinn áhuga hjá Félagi Blikksmiðameistara varðandi að hjálpa til með kennsluefni.

Málefni Lagnakerfamiðstöðvarinnar var rædd áfram og var sú niðurstaða að úr því sem komið væri yrði farsælast að gleyma því sem að baki er, varðandi loftræstisamstæuna, og horfa fram á við. Lagnafélag Íslands þarf að fara að einbeita sér að öðrum málefnum.

(BIG) sagði frá því að hann og Gunnar, kennarar í Tækniskólanum í Hafnarfirði hefðu farið upp í Lagnakerfamiðstöð og fengið að hirða kennslubásinn frá Danfoss. Kennslubásinn mun nýtast í Pípudeildinni í Hafnarfirði. Einnig var mælagrindin rifin niður sem tengdist loftræstisamstæðunni og farið með lagnaefnið í Tækniskólann í Hafnarfirði, pípudeild.

4. Mannvirkjastofnun „Skoðunarhandbækur“, hver er staðan ?

(JG) fjallaði um skoðunarhandbækurnar og að það ferli væri í höndum Umhverfissráðuneytis. Framundan er að kynna bækurnar fyrir byggingarfulltrúum og einnig er verið að skoða app fyrir s.handbækurnar. (SÁS) ræddi um hugtakið Stjórnartækjaverktaki sem sæi um að tengja alla verkþætti saman til að hægt væri að klára lokaúttektir á mannvirkjum. Málið var rætt út frá mörgum sjónarhornum varðandi s.handbækurnar.

5. Brunalokur við hönnun hita- og loftræstikerfa ?

(KO) Þórir Guðmundsson hjá Ísmar ætlar að gera samantekt varðandi brunalokur við hönnun hita- og loftræstikerfa. Taka á málið fyrir í heild. Hugmynd að fá stjórnarmenn, sem hafa þekkingu á málinu, til að fara yfir þá samantekt og síðan verður niðurstaðan birt í Lagnafréttum.

6. Fóðrunaraðferðir á lögnum, sem eru í boði, og hver er árangurinn ?

a) Píparar, sjá gögn frá VSÓ Ráðgjöf.

b) Loftræstikerfi og Raf-Stjórnkerfi, sjá gögn frá Teimi-hópi.

a) Fóðrun lagna. (BIG) Stjórn Félags Pípulagningameistara hafa fengið inn á borð til sín nokkur mál þar sem fóðranir á lögnum hafa ekki verið að virka sem skildi. Á það bæði við um neysluvatnslagnir og frárennislagnir. Hvort um sé að ræða handvömm, efnainnihalds í vatni sem hefur áhrif á fóðrunina, lélegra tækja er ekki gott að segja.

Málið var rætt örlítið og kom upp sú hugmynd að fela Fagráði pípulagna að gera skýrslu um málið.

b) Loftræstikerfi. (KME) Fagráð- loftræstikerfa, pípulagna og stjórnkerfa kom saman í mars 2015 til að ræða stöðu loftræstikerfa. Almennt séð upplifa menn að kerfin virki sem skildi og séu í nokkuð góðu ástandi þó svo að hægt sé að finna kerfi sem mætti huga betur að. Hönnuðir hafa í einhverjum tilfellum klúðrað hönnun kerfanna en þá hefur líka oft vantað samráð milli þess sem sér um hugbúnaðarþáttinn. Menn eru sammála því að virkja þarf betur það fyrirkomulag að þeir aðilar sem koma að uppsetningu og hönnun kerfanna þurfi að tala betur saman.

(JG) ræddi um þá hugmynd að fá (SÁS) og (KME) til að gera sýnishorn að greinargerð hönnuða um hlutverk hvers og eins. Styðjast á við greinargerð hönnuða sem er í byggingarreglugerð í grein 4.5.3. Greitt yrði fyrir þá vinnu.

Rætt var um að fá verkfræðistofu VSB eða Verkís til að fara í þetta mál. (JG) vill fá frá (SÁS) ca. hver kostnaðurinn yrði fyrir þá vinnu. (JG) ætlar síðan í framhaldi að fá leyfi fyrir fjármagni frá Mannvirkjastofnun.

7. Það heyrir ekkert frá stjórnarmönnum, til að skrifa á heimasíðu félagsins, Facebook og í Fréttabréfið.

Undir önnur mál.

8. Fréttabréf 125

Í vinnslu.

9. Önnur mál.

Önnur mál. (JG) nefndi þá hugmynd að ef Lagnafélag Íslands vilji koma einhverju á framfæri til byggingarfulltrúa þá getum við sent erindi til hans. Einu sinni á ári er fundur þar sem allir koma saman og gæti (JG) komið þeim upplýsingum á framfæri fyrir Lagnafélag Íslands. (SÁS) kom með hugmynd um að halda fund þar sem öllum væri boðið á sem áhuga hefðu á vali loftsjá í loftræstikerfi. Loftsjur eru mismunandi og þær taka ekki allar mið af endingu og orkunotkun. (SÁS) og (KME) koma sér saman um uppsetningu á þeim fundi. (KO) ræddi um vandann almennt séð í loftræstikerfum þar sem þjónustan við kerfin væri ábótavant. Auka þyrfti námskeið og jafnvel vera með námskeið fyrir húsverði. Málið var almennt rætt og beindist umræðan að því hvort ekki væri nær að ná til eigenda mannvirkja til að vekja hjá þeim áhuga á að hafa loftræstikerfin í lagi. Í framhaldi myndi þeir fá leiðbeinandi upplýsinar varðandi þá þjónustuaðila sem taka að sér að þjónusta loftræstikerfin.

Fundi slitið kl. 19:00

Til minnis fyrir stjórn:

- | | |
|--|---|
| 1. Ritnefnd: | Guðmundur H., Birgir H.Ó., Ólafur B., Þorlákur J., Rúnar B. |
| 2. Fagráð loftræstikerfa | Kjartan Mar Eiríksson |
| 3. Fagráð pípulagna | Böðvar Ingi Guðbjartsson |
| 4. Fagráð stjórnkerfa | Gunnar Sigurðsson |
| 5. Gæðamatsráð | Egill Skúli Ingibergsson |
| 6. Viðurkenningarnefnd v/lofsvert lagna verk | Þórður Ólafur Búason |
| 7. Heimasíða LAFÍ | Kristján Ottósson, Örn Sigurðsson |

Póstfang (E-mail) lafi@simnet.is

Heimasíða: www.lafi.is og [Facebook](#)